

## HVER ER SKILGREININGIN Á FARANDFÓLKI (Á FLÓTTA)



Sjá myndskaið: [hér](#)

**Lengd:** 15-20 mínútur.

**Efniviður:** Tölva, spjaldtölva eða sími til að horfa á myndbandið; blað og penni.

Notaðu kennslublaðið til að kenna nemendum grunnhugtök um flóttafólk, alþjóðlega vernd og fólksflutninga.

Horfðu fyrst á myndskaiðið með nemendum þínum. Farðu svo eftir leiðbeiningunum hér að neðan.

**Markmið:** Að skilja hugtakið “Farandfólk” og hvaða þýðingu það hefur.

**Aldur:** Efnið hentar 12 ára nemendum og eldri.

1 : Eftir að þið hafið horft á myndskaiðið skaltu biðja nemendur þína um að ná í blað og penna, og gera eftirfarandi verkefni:

**Skrifið niður þrjár stuttar setningar sem útskýra hvað farandfólk er.**

2 : Safnaðu saman svörunum og lestu upphátt fyrir nemendur þína. Nú er tími fyrir umræður og skaltu spyrja eftirfarandi spurninga:

**Hvaðan kemur farandfólk?**

**Hvert fer það?**

**Hvers vegna kemur farandfólk hingað til lands?**

**Getur það dvalist hér til lengri tíma?**

**Þekkið þið til farandfólks á flótta hérlendis? Frá hvaða löndum gæti það verið að koma?**

3 : Lestu upp eftirfarandi skilgreiningu á farandfólki fyrir nemendur þína og berðu saman við svörin sem þau skrifuðu niður í fyrsta verkefninu:

1. Farandmanneskja er manneskja sem hefur farið yfir a.m.k. ein alþjóðleg landamæri/  
**er í öðru landi en sínu eigin.**
2. Farandmanneskja yfirgaf land sitt **vegna annarra ástæðna en vegna hættu.**
3. Farandmanneskja **getur snúið aftur** til heimalands síns, án þess að vera í bráðri hættu.

Næst skulið þið horfa aftur á myndskaiðið og takið vel eftir þessum þremur skilgreiningum á farandmanneskju.

**Ræðið hugtökin “farandfólk” og “fólksflutningar” í ljósi þess sem þið sáuð í myndskaiðinu. Farandfólk er ekki í bráðri hættu svo hvers vegna yfirgefur það heimaland sitt? Hverjar eru ástæður þeirra fyrir að flytja og hvað finnst þér um þær? Má senda farandfólk aftur til heimalands síns?**